

Nefndasvið Alþingis

Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavíkflugvelli, 04.05.2017
1701018GF

Efni: Umsögn Isavia ohf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, 376. mál.

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis dags. 11. apríl 2017 þar sem Isavia var boðið að koma á framfæri umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, 376. mál. Isavia þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Umsögn félagsins fer hér á eftir.

Isavia ohf. er rekstraraðili flugvalla á Íslandi. Félagið á og rekur Keflavíkflugvöll og rekur aðra flugvelli og landingarstaði samkvæmt þjónustusamningi við innanrikisráðuneytið. Fjórir þessara flugvalla eru alþjóðaflugvellir sem eru starfsleyfisskyldir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það eru Keflavíkflugvöllur, Reykjavíkflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur. Flugvellirnir starfa í dag samkvæmt starfsleyfum viðkomandi heilbrigðisnefnda. Isavia hefur því talsverða reynslu af núgildandi lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og er umsögn þessi sett fram með hliðsjón af þeirri reynslu. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að meginefni þess sé innleiðing á tilskipun 2010/75/ESB en einnig séu lagðar til ákveðnar breytingar á verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Tilskipun 2010/75/ESB tekur til mengandi iðnaðar á borð við ál- og málmíðnað, sláturhúsa og þauleldis og hefur ekkert með flugvallarstarfsemi að gera. Isavia gerir því engar athugasemdir við þann hluta frumvarpsins sem lýtur að innleiðingu tilskipunarinnar.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir eru komin nokkuð til ára sinn og Isavia fagnar því sérstaklega að umhverfis- og auðlindaráðuneytið nýti tækifærið nú þegar breyta þarf lögum til innleiðingar tilskipunar 2010/75/ESB og geri á þeim nauðsynlegar úrbætur. Félagið telur einnig afar jákvætt og mikilvægt að ráðuneytið hyggi á frekari endurskoðun laganna, enda er hún löngu tímabær. Félagið telur ákvæði frumvarpsins er lúta að verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga af hinu góða. Félagið hefur reynslu af af því að reka samskonar starfsemi innan fjögurra mismunandi heilbrigðiseftirlitssvæða. Sú reynsla hefur leitt í ljós að mikils ósamræmis gætir milli svæðanna og samskonar starfsemi er ekki meðhöndluð með samskonar hætti. Í þessu sambandi hafa samræmd starfsleyfisskilyrði gefin út af Umhverfisstofnun ekki dugað þar sem heilbrigðisnefndir eru ekki bundnar af þeim

við útgáfu starfsleyfa. Félagið telur því að sú breyting sem lögð er til að öll útgáfa starfsleyfa verði á hendi Umhverfisstofnunar til mikilla bóta. Með því verður hægt að tryggja að jafnræði og samræmis verði gætt við útgáfu leyfa. Að sambærileg starfsemi verði meðhöndluð með sambærilegum hætti hvar sem hún er staðsett á landinu. Þetta er afar mikilvægt enda eiga allir að vera jafnir fyrir lögunum og mikilvægt að stjórnslan gæti jafnræðis, samræmis og meðalhófs. Að sama skapi telur félagið jákvætt að þessi breyting felur í sér að útgáfa leyfa og eftirlit verði ekki á sömu hendi. Það er til þess fallið að efla gæði stjórnslunnar hvað málaflokkinn varðar. Þannig verður eftirlitsaðilinn óháður þeim sem gefur út leyfið og getur eftir atvikum gert athugasemdir og bent á hvað má betur fara, t.d. við reglubundna endurskoðun leyfa, án þess að í því felist gagnrýni á eigin verk eða viðurkenning á mistökum. Ef vel vinnst ætti þessi breyting að leiða til aukinna gæða bæði í útgáfu starfsleyfa og framkvæmd eftirlits.

Þar sem starfsleyfi eru gefin út til langs tíma telur félagið mikilvægt að lagaskilum verði háttáð þannig að þeir rekstraraðilar sem eru með gilt starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd fyrir gildistöku laganna færast yfir til Umhverfisstofnunar við þann tímapunkt þegar leyfið verður endurskoðað næst. Það er að endurskoðunin verði gerð af Umhverfisstofnun sem geri þá breytingar eða gefi út nýtt leyfi ef ástæða er til þess. Þannig verður best tryggt að öll starfsemi sitji við sama borð, en ekki líði allt að tólf árum þangað til ábyrgð á starfsleyfisskilyrðum starfsemi sem þegar er með leyfi færast yfir til Umhverfisstofnunar.

Isavia tekur undir þá breytingu sem lögð er til í 7. gr. a (6.gr.) frumvarpsins, að starfsleyfi skuli vera ótímabundin. Það er sjálfsagt og eðlilegt að fyrirtæki sem uppfylla allar kröfur, þ.m.t. um mengunarvarnir, geti haldið úti starfsemi sinni án þess að vera í óvissu um framhaldið í hvert sinn sem kemur að endurútgáfu leyfis. Með heimild Umhverfisstofnunar til endurskoðunar eða breytingar á starfsleyfi vegna breyttra forsenda er tryggt að verði breytingar á mengun frá rekstri eða reglum um mengunarvarnir sem áhrif hafa á starfsleyfi viðkomandi rekstrar er hægt að bregðast við því.

Isavia tekur einnig undir þá breytingu sem lögð er til að atvinnurekstur geti orðið háður skráningarskyldu í stað starfsleyfis. Það er eðlilegt að kröfur um mengunarvarnir séu skýrar og samræmdar þannig að ekki þurfi í öllum tilvikum að skoða hverja starfsemi fyrir sig með tilliti til hvaða starfsleyfisskilyrði eigi við. Félagið telur vel koma til greina að flugvellir yrðu á meðal þeirrar starfsemi sem yrði skráningarskyld í samræmi við þetta ákvæði.

Í 30. gr. a.(54. gr.) frumvarpsins er lagt til að Umhverfisstofnun skuli gera eftirlitsáætlun sem taki til atvinnurekstrar í viðaukum I-V og á grundvelli þeirra skuli eftirlitsaðili gera áætlanir um reglubundið eftirlit með atvinnurekstri, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsóknna fyrir mismunandi starfsemi. Þetta er mjög jákvæð breyting að mati Isavia og til þess fallin að auka gegnsæi og skilvirkni þegar eftirlit er annars vegar. Að mati félagsins skortir oft á það að reglubundið eftirlit heilbrigðiseftirlits byggji á áætlun sem aftur taki mið af þörf og umhverfisáhættu. Gagnsæi og góð samvinna um reglubundið eftirlit er til þess fallin að gera eftirlit árangursríkt og ýtir undir að það nái þeim tilgangi sínum að tryggja að starfsemi og mengunarvarnir séu í samræmi við starfsleyfi og að ef skorti þar á verði bætt úr. Félagið telur einnig jákvætt að birta eigi eftirlitsskýrslur eftirlitsaðila á vefsvæði en telur mikilvægt að svör rekstraraðila við slíkum skýrslum ef þeim er til að dreifa verði einnig birt. Þetta er mikilvægt þar sem það getur komið til að misskilnings gæti í eftirlitsskýrslum sem er þá leiðréttur í svarbréfi. Einnig er mikilvægt ef kallað er eftir úrbótum í eftirlitsskýrslu að almenningur sé ekki

bara upplýstur um það heldur sé einnig upplýstur um hvernig og hvenær rekstraraðili hyggist bæta úr.

Isavia telur margt sem lýtur að vöktun og eftirliti með starfsleyfum í núgildandi regluverki óskýrt og fagnar áformum um að leggja fram annað frumvarp á næsta þingi sem taki á þeim málum. Mikilvægt er að skýrt sé í lögum hver beri ábyrgð á rannsóknum og vöktun umhverfisþátta (heilbrigðisnefnd, rekstraraðili eða aðrir), hvaða umhverfisþættir skuli vera undir í slíkri rannsókn eða vöktun og hvernig skal staðið að því þegar fleiri en ein starfsemi stundar losun sem gæti haft í för með sér mengun í sama viðtakann, þ.e. hvernig skal skipta ábyrgð á rannsóknum og vöktun milli rekstraraðilanna. Hér er mikilvægt að framkvæmd sé í samræmi við lög og reglur þannig að rekstraraðilar geti áttað sig á þeim lagaramma sem þeim ber að vinnan innan.

Að lokum vill Isavia taka fram að félagið er tilbúið til að koma til fundar við umhverfis- og samgöngunefnd og skýra umsögn sína frekar verði eftir því kallað. Félagið telur mikilvægt að gott samráð sé haft við gerð og vinnslu frumvarps sem þessa. Félagið hafði áður fengið til umsagnar drög að frumvarpi þessu þegar það var til vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneyti og vonast til að sami háttur verði hafður á við gerð þeirra frekari frumvarpa sem hér hafa verið boðuð.

Virðingarfyllt,



Glóey Finnsdóttir
Lögfræðingur

